

Nettímarit

Troðningur

36 tbl. 11. mars 2013 - ISSN 1670-8776 - Útgefandi: Guðmundur R. Lúðvíksson, myndlistamaður

Meðal efnis;

Mögnuð list

Digital list

Bílar í list

Hvað er erfðarfræði

Útilegumenn

Hönnun

Píramítar

Frá skissu

Póstkassar

"Icelandic government artist "

ONLY ICELANDIC
ART MAGAZINE



Mögnuð í list...

Troðningur hefur bent nokkru sinnum á þá staðreynd að til eru mörg listform sem aldrei hafa náð hingað til Íslands. Landið og listin hér virðist föst í ákveðnum kreddum og trúarbrögðum innan sjálfs síns. Rétt eins og í tónlistinni eru margir tónar og með þeim er hægt að skapa hjóma og endalaust af lögum og stefnum. En hluti myndlistarinnar hér heima hefur einskorðað sig við að dansa gömlu dansana og telja að það sé hin eina sanna mússik. En auðvitað er það ekki svo. Úti fyrir strandlengju landsins eru þjóðir sem hafa umburðarlindi fyrir markvísium sjónarhornum á listinni. Þar úir og grúir allskonar stefnum og straumum, og samræður hinna ólíkustu þátta fara fram um allt, í söfnum, galleríum og á kaffihúsum. Troðningur birtir hér nokkrar myndir af verkum sem flokka mætti undir “amazing” eða mögnuð list.








Mögnuð í list...



Bílar í list



Bílar í list...

Bílar í list hafa verið fyrirferða miklir um allan heim til langs tíma. Mjög mikið af verkum eru til þar sem bílar koma við sögu. Bæði sem skúlptúrar eða sem efnisnotkun í annari mynd og eða sem hreinlega eins og canvas/strigi.








Digital art


Það er búið að vera nokkuð magnaða að fylgjast með umræðunni um svokallað " Skapandi greinar ". Þar hafa allir viljað eigna sér hið jákvæða þjóðhagslega í hagtölum sem þar kemur fram. En þegar nánar er skoðað kemur í ljós að yfir 90% af tekjum í þennan pott kemur frá tölvuleikja fyrirtækjum. En jú þar er einmitt töluvert um að listræn hönnun fari fram. En þegar kemur að t.d söfnum, eða svokallaðri listelítu, þá vill hún ekkert kannast við að þetta form geti hugsanlega fallið undir listræna sköpun. Þessu formi er nánast úthýst og þykir eitthvað allt annað en "list".

Vandamál íslenskrar lista flóru er einmitt samræðuleysi og umburðarlyndi. En digital listform er í hávegum haft mjög víða og margar risa sýningar hafa verið settar upp af mörgum virtustu söfnum heims. Ekki man ég eftir að hafa séð eða heyrt um að þessu listformi sé gefin gaumur.

Bæði liggur gríðarleg þekking,þjálfun og kunnátta til að ná tökum á þessu formi og svo ekki sé talað um hugmyndir.



Digital art



Hönnun





Hönnun

Hönnun hverskonar er ákaflega heillandi heimur innan listarinnar. Þótt margt sem hannað er nái aldrei fram að ganga er hugmyndaheimurinn þar oft svo magnaður að maður getur ekki annað en heillast af honum. Þetta á við um allt sem kemur að hönnun. Bílar, föt, áhöld, pakkningar og nánast hvað sem nefnt er. Gríðarleg vinna er lögð bæði í hugmyndir og framsetningu og koma oftar en ekki margir að. Þekkingarvið hönnuða er margslungið í efnisnotkun og framleiðslugetu. Á bakvið allar þessar þælingar er löng og ströng skissuvinna.



Frá skissu yfir í tölvuleiki eða leikföng.





Hvað heitir píramíðinn sem er kallaður Píramíðinn mikli?

Píramíðinn mikli er einn af þremur stórum píramíðum í Giza í Egyptalandi. Píramíðarnir þrír eru kenndir við faraóanna sem létu reisa þá, konunga Fornegypta, en þeir tilheyrðu allir 4. konungsættinni sem ríkti á árunum 2575-2465 f.Kr. Píramíðinn mikli er kenndur við Keops (eg. Khufu) og hann er elstur og stærstur píramíðanna þriggja. Kefrens-píramíðinn er aðeins minni en píramíði Keops, reistur af syni hans Kefren (eg. Khafre). Yngstur og langminnstur er píramíðinn kenndur við Mýkerínos (eg. Menkaure), son Kefrens.



Keops-píramíðinn

Píramíðarnir í Giza eru mikil mannvirki og ekki er alveg ljóst hvernig þeir voru byggðir. Keops-píramíðinn telst enn til mestu bygginga heimsins og Forngríkkinn Heródótus segir að það hafi þurft 20 ár og um 100.000 manns til að reisa hann. Ef sú tala stenst má gera ráð fyrir að vinna við píramíðann hafi verið árstíðabundin, það er á meðan flóð stóðu yfir í Níl og ekki var hægt að vinna á ökrum. Fornleifauppgröftur bendir

til þess að minni vinnuhópur, um 20.000 manns, hafi búið við píramíðann yfir allt árið.



Píramíðarnir í Giza séðir úr suðri. Píramíði Mýkerínosar næstur, síðan Kefrens og loks Keops.

Keops-píramíðinn var upprunalega 147 m hár og meðalhliðarlengd 230 m. Kefrens-píramíðinn var litlu minni eða 143 m á hæð og með hliðarlengd upp á 216 m. Mýkerínosar-píramíðinn var "aðeins" 66 m hár og hliðar hans 109 m langar. Píramíðarnir eru byggðir úr gulum kalksteini og voru klæddir að innan og utan með fínni, ljósari kalksteini. Sú klæðning er að mestu horfin að utan nema á toppi Kefrens-píramíðans.



Kefrens-píramíðinn

Hvar var fyrsti píramíðinn?

Fyrsti píramíðinn er talinn hafa verið reistur í Egyptalandi á árunum kringum 2650-2575 f.Kr. Þá ríkti faraóinn Djoser sem var af 3. konungsættinni. Arkitektinn var Imhotep, maður svo þekktur af fróðleik, vísdomi og stjórnvísku að síðar var hann dýrkaður sem lækningaguð bæði í Egyptalandi og Grikklandi (þar sem hann rann saman við guðinn Asklepíus). Fyrsti píramíðinn er í Sakkara (Saqqarah) og er hann gjarnan kenndur við þann stað, en einnig af lögun sinni og nefndur þrepapíramíðinn í Sakkara.



Þrepapíramíðinn í Sakkara.

Neðsta þrep hans var upphaflega sérstök bygging, gerð samkvæmt egypskri hefð um grafhýsi, svonefnd mastaba. Mastaban var 8 metra há og hver hlið um 63 metrar á lengd. Bætt var við hverja hlið og fleiri þrep byggð ofan á mastöbuna, alls sex mishá þrep um 60 metra há. Grunnflöturinn varð að ferhyrningi, 120 metra löngum og 108 metra breiðum.

Þrepapíramíðinn í Sakkara er elsta „merkilega“ steinbygging Fornegypta og telst marka upphafið að þeirra frægu byggingahefð. Imhotepi er með þessari byggingu sinni eignað að innleiða hið svonefnda Gamla konungsveldi (2575-2130 f.Kr.) í Egyptalandi. Flókið kerfi ganga og herbergja er að finna inni í píramídanum en stærsta herbergið er eiginlegt grafhýsi Djosers, við endann á 25 metra löngum og 8 metra breiðum gangi

Fleiri yngri dæmi eru um að byggingum, upphaflega reistar með annað form í huga, hafi verið breytt í píramíða í Egyptalandi. „Skakki“ píramíðinn í Dasjúr (Dahshür), skammt frá Sakkara, var reistur á

valdatíma faraósins Snefrus (af 4. konungsættinni) og hefur sérkenningan, tvískiptan halla. Einnig frá tíma Snefrus er píramíðinn í Mædúm (Maydum), sem er „sannur“ píramíði, það er með sléttar og jafnar hliðar. Elsta dæmið um að píramíði hafi verið hannaður og byggður frá grunni er norður-steinpíramíðinn í Dasjúr. Hliðar hans eru 220 metra langar og hæðin 120 metrar. Hann er gjarnan eignaður Snefru líka. Enn yngri eru svo hinir frægu píramíðar í Giza, reistir af faraóunum Khufu, Khafre og Menkhare.

Þess má geta að píramíðarnir í Mið- og Suður-Ameríku eru taldir þó nokkuð yngri en þeir í Egyptalandi, byggðir á síðustu árhundruðunum fyrir Kristsburð.

ÞORSTEINN Á PUND OG GESTUR

Það hefur ekki sjaldan borið við að þess hafi orðið vart að útilegumenn hafi farið í kaupstaði og er það líklegt að þeir þurfi ekki síður að birgja sig að nauðsynjum en byggðamenn.

Fyrir tólf eða fjórtán árum kom maður einn í Reykjavík til kaupmanns sem nú er dáinn, og nefndi sig "Þorsteinn á Pund". Hann vildi enga aðra vöru en salt og korn og engin kaup eiga við kaupmanninn nema á náttarþeli. Þegar menn fóru að skoða hesta hans kom það upp að þeir voru járnaðir með hornskeifum. Þóttust menn þá ganga úr skugga um að þetta væri útilegumaður.

Um sama leyti hér um bil kom sá maður á Eyrarbakka til Guðmundar Thorgrimsens sem kallaði sig Gest; hann þóttist vera austan úr Landssveit, en bærinn sem hann lést búa á er ekki til í þeirri sveit.

Þessi maður þótti óframfærinn og undarlegur í háttum sínum og vildi ekki segja hvar hann væri vanur að hafa kaupskap; þó spurði hann um allra algengunstu hluti til hvers þeir væru hafðir, t. d. fataboltar. Hann var skeggjaður mjög, í sauðmórauðri mussu, og gamlan hatt slæman á höfði. Hann lagði inn hjá kaupmanninum mikið af ull og tólg, en tók út aftur óvenjulega mikið af járn og salti og nokkuð lítið af brauði. Síðan hvarf hann úr búðinni án þess menn tækju eftir.

Fór kaupmaðurinn þá að líta eftir reikningi hans og sá að nærri var um útteknar vörur og innláttnar svo að ekki munaði meir en einum fimm mörkum sem hann hafði oftekið út.

Það ætla menn að verið hafi sami maðurinn sem kom með tveimur öðrum að Austurnesi við Þjórsá í ofsaveðri svo ekki var ferjutækt. Hann bað þó bóndann að flytja þá kumpána yfir ána, en hann afsakaði sig og sagði að ófært væri að flytja í því veðri, en gekk þó með honum að farangri þeirra félaga.

Þegar þessi maður hitti félagasína skipar hann þeim að leggja aftur á hestana og láta upp. Það sá bóndi að þessi maður hafði langa stöng og bætti þó við hana með því að skrúfa neðan í hana langan járnbrodd, fór svo á undan og hinir á eftir með lestina og lagði í Þjórsá á vaðleysu þar sem hún slær sér mest út fyrir ofan ferjustaðinn og reyndi á undan með stönginni.

Það sá bóndi seinast til ferða þeirra að þeir komust með allt sitt heilu og höldnu yfir ána.

Ofan til í Landssveit varð enn vart við þrjá menn um sama leyti sem lágu þar í áfanga við mórautt þrjónþjald og héldu þeir norður á afrétt þegar þeir lögðu upp, eftir því sem förin lágu.

VÍSITASÍUFERÐ SKÁLHOLTSBISKUPS

Einu sinni var biskup einn frá Skálholti í vísitasíuferð norður í Múlasýslu. Kom þoka á hann á fjöllum uppi, svo hann vissi ekki, hvar hann fór; reið hann sjálfur lengi á undan.

Kom hann seinast í dalverpi nokkurt. Varð þar bær fyrir honum, snoturlega byggður. Þar drápu þeir að dyrum, kom gamall maður til dyra. Þóttist biskup vita, að hann væri húsbóndinn, og beiddist gistingar fyrir sig og menn sína. Bóndi svarar nokkuð fálega, að þeir mættu spretta af og heimilt væri þeim að ganga til baðstofu. Þeir gjörðu nú svo.

Í baðstofunni sáu þeir gamla konu og unga stúlku. Torfhnausar tólf voru í baðstofunni og gæruskinn breidd yfir, og var biskupi og sveinum hans vísað þar til sætis, og stóð það heima, að sætin voru mátulega mörg. En karl og kerling og hin unga stúlka sátu á þverpalli. Allir þögðu, enda hafði biskup boðið sveinum sínum að hafa hægt um sig.

Eftir litla stund gengu konurnar ofan. Báru þær nýtt ket á borð fyrir biskup og menn hans í tréskálum og síðan heita sauðamjólk í öðrum tréskálum, og trésleifar fylgdu með. Þetta var um mitt sumar, en þó var mjólkin svo þykk sem sauðabykkni á hausti. Allt var haglega smíðað, hreint og þokkalegt. Þegar stúlkan bar af borði, sagði hún í hálfum hljóðum við biskup, að öllu mundi óhætt, ef enginn sýndi tortryggni og enginn brygði sér við neitt.

Um kvöldið var biskupi og sveinum hans fylgt til sængur fram í skála. Voru þar tólf rúm upp búin með breiddum gæruskinnum, þófar undir höfðum og feldir undir og ofan á; voru rúm þessi bæði mjúk og hlý og rúmgóð. Svaf biskup í hinu innsta rúminu og sveinar hans út frá honum, hver í sínu rúmi. Lagði biskup fyrir þá í kyrrþey, að þeir skyldu vera stilltir og ekki bregða sér við neitt.

Litlu síðar heyrðu þeir undirgang og mannamál, og skömmu seinna kom karl inn með ljós í annarri hendi, en kníf í annarri. Brá hann ljósinu að andliti hvers eins og otaði að þeim hnífnum og eins að biskupi. Síðan gekk hann út, og heyrðu þeir, að hann sagði: "Trúa má þeim, annars hefðu þeir ráðist á mig einan."

Morguninn eftir sáu þeir tólf menn hjá karli. Voru þeir miðaldra að sjá og þaðan af yngri, allir liðmannlegir og hver öðrum líkir. Karl var nú miklu kátari en daginn áður. Var fjúkslydda og dimmvíðri, svo hann bauð biskupi að vera um kyrrt, og þekktist hann það.

Um daginn spurði karl biskup að ýmsu og þar á meðal, hvenær hann hefði verið á fjölmennustu alþingi.

Biskup mælti: "Síðan eru nú meir en fjörutíu ár, var ég þá átján vetra gamall piltur, og stóð svo á, að af átti að taka tvö systkin úr Miðfirði, er átt höfðu barn saman. En þegar þau voru dæmd og lesinn var upp dómurinn, þustu margir til að heyra hann. En maðurinn sá færi á að beisla brúnan hest, er hann átti, hljóp honum á bak, setti systur sína að baki sér



og reið af stað, en varðmenn og margir aðrir gripu einnig til hesta sinna og riðu eftir honum. Eltu þeir hann þrjá daga, svo leiti bar stundum milli, yfir hraun klungur og kletta. Sáu þeir það seinast til, að hann hleypti á sund út á vatn mikið, og sýndist hraunklettur vera hins vegar. Hvarf hann þar upp undir, en enginn þorði að ríða á eftir, og ekki sá fyrir enda vatnsins."

Daginn eftir fór biskup af stað; fylgdi þá hinn gamli maður biskupi á veg og sagði honum, að hann hétí Magnús og væri maður sá, er hann hefði séð á alþingi og flúið hefði með systur sína. Kvaðst hann hafa staðnæmst í þessu dalverpi og fundið þar fé fyrir og búíð að því; væri hin gamla kona systir sín, en hin unga stúlka og þeir tólf menn börn þeirra.


Sagðist hann vera valdur að því, að biskup væri kominn á sinn fund, því nú mundu þau systkin deyja í vetur, og vildi hann biðja biskup að ráðstafa börnum þeirra, því annars mundu þau tryllast og verða heiðin þar á fjöllum uppi. Biskup lofaði þessu og lét flytja fjölskylduna til byggða næsta ár á eftir. Sá hann með ýmsu móti fyrir ráði þeirra bræðra og gifti systur þeirra, en lík þeirra systkina voru flutt í Skálholt og jörðuð þar.





Póstkassar



Póstkassar geta haft ýmislegt útlit, en eitt markmið. Það er að safna pósti sem til manns á að berast. Póstkassar úti á götu eru ekki algeng sjón á Íslandi. Hvers vegna er erfitt að svara. En það getur verið ákaflega gaman að ganga um hverfi erlendis og skoða allar hugmyndirnar sem þar eru í gangi. Gaman væri í raun ef hægt væri að koma þessu á hér á landi. Þótt ekki væri nema yfir sumartíman. Þá gætu Íslendingar tekið fram póstkassan sinn komið honum út á götu fyrir framan húsið sitt, rétt svona eins og þegar jólaaskreytingarnar eru teknar fram.



Troðningur Googlaði í gamni orðið "Icelandic government artist".
Hér fyrir neðan má sjá myndir af nokkrum helstu niðurstöðu leitarvélarinnar.



Vissir þú...

Vissir þú þetta...

að aðildarríki ESB halda sínum eigin þjóðsöng .

að UNICEF eru stærstu barnahjálparsamtök í heimi.

að streita getur verið jákvæður drifkraftur

að maurar detta yfirleitt á hægri hliðina á fylleríi.

að rafræn skilríki gera þér kleift að leysa hin ýmsu erindi heiman frá þér.

að aðildarríki glata ekki fullveldisrétti yfir náttúruauðlindum sínum með aðild að ESB .

að endurvinnsla pappírs lengir líftíma urðunarstaða

að ef allur ruslpóstur á Íslandi yrði ekki sendur í endurvinnslu jafngildi það útblæstri frá 1.200 fólksbílum.

að 60% minni orkuþörf þarf við endurvinnslu pappírs en frumvinnslu

vissir þú að endurvinnsla á einni áldós sparar rafmagn sem dugar fyrir sjónvarp í 3 klukkustundir..... og að á hverri mínútu eru 113.300 áldósir endurrunnar.

að konungsríkið Holland var stofnað árið 1815,

og að Belgar stofnuði sitt eigið konungsríki út úr Hollandi árið 1830.



Hvað er erfðafræði?

Eins og nafnið bendir til er erfðafræðin fræðigrein þar sem fengist er við rannsóknir á því hvernig eiginleikar erfast frá kynslóð til kynslóðar. Upphaf nútíma erfðafræði má rekja til tilrauna austurríska munkuns Gregors Mendel (1822-1884). Mendel birti



niðurstöður sínar árið 1866 en þær vöktu þá litla sem enga athygli. Það var ekki fyrr en árið 1900 að þrír líffræðingar, sem beitt höfðu svipuðum aðferðum og Mendel, grófu þær úr gleymsku. Meginuppgröf Mendels var að arfgengir eiginleikar eru ákvarðaðir af eindum sem erfast með reglubundnum hætti. Helstu reglur sem erfðir eindanna hlíta og Mendel gerði grein fyrir eru kenndar við hann og kallaðar lögmál Mendels.

Á öðrum áratug tuttugustu aldar sannaðist að eindir Mendels, sem þá höfðu fengið nafnið gen, ættu sér samastað á litningum í kjarna frumna. Mönnum tókst að kortleggja fjölda gena á litningum tilraunalífvera, til dæmis ávaxtaflugugu og maísplöntu. Um 1940 höfðu menn aflað mikillar þekkingar á flutningi gena milli kynslóða, breytileika þeirra og á áhrifum þeirra á ýmsa eiginleika og einkenni lífvera. Hins vegar var efnasamsetning genanna enn óþekkt og óvíst hvernig þau færu að því að móta eiginleikana. Það vantaði með öðrum orðum lífefnafræðilega þekkingu á starfsemi genanna.

Á næstu árum varð mönnum ljóst að stökkbreytingar í ákveðnum genum breyttu eiginleikum ákveðinna prótína. Það leit út fyrir að gen stýrðu með einhverjum hætti myndun prótína, en vitað var að prótín hvata flest efnahvörf lífvera og eru þar að auki mikið notuð sem byggingarefni og stoðefni. Ályktað var að hverju geni samsvari eitt prótín. Þetta reyndist síðar vera nærri sanni.

Á fimmta áratugnum voru líka leidd sterk rök að því að gen væru gerð úr kjarnsýrunni

DNA en áður höfðu margir talið líklegra að erfðaefnið væri prótín eða samband prótíns og kjarnsýru. Hlutverk kjarnsýrunnar sem erfðaefnis þótti fullsannað árið 1953 eftir að þeir James D. Watson og Francis Crick kynntu nýtt líkan af DNA-sameindinni. Samkvæmt líkaninu er sameindin tvöfaldur gormur (helix) mótsvarandi DNA-þátta. Við frumuskiptingu skiljast þættirnir tveir að og hvor þáttur um sig verður mót fyrir nýjan þátt. Þannig myndast tveir tvöfaldir gormar sem eru nákvæmlega eins og sá sem fyrir var. Erfðaefnið er eftirmýndað og varðveisla þess tryggð.

Þessar uppgötvanir urðu upphaf sérstakrar greinar erfðafræðinnar sem kölluð er sameindaerfðafræði.

Í sameindaerfðafræðinni tvinnast saman aðferðir erfðafræði og lífefnafræði.

Viðfangsefni hennar er erfðaefnið sjálft, starfsemi þess, breytileiki og þróun. Á fyrstu árum sameindaerfðafræðinnar voru örverur einkum notaðar til rannsókna, sérstaklega bakteríur og veirur, en eftir 1970 hefur meiri áhersla verið lögð á rannsóknir á manningum, dýrum og plöntum. Rannsóknir á því hvernig stjórn er höfð á starfsemi gena eru nú eitt helsta viðfangsefni sameindaerfðafræðinga.

Á áttunda áratug aldarinnar komu nýjar rannsóknaraðferðir til sögunnar sem gerðu mönnum meðal annars kleift að flytja erfðaefni á milli tegunda, einangra gen og raðgreina þau. Erfðamengi allmargra tegunda hefur nú verið raðgreint til fulls og þekking á starfsemi gena eykst hröðum skrefum. (Sjá svar sama höfundar við spurningunni Hvað felst í því að skrá erfðamengi mannsins og hvað hefur það í för með sér?)

Erfðafræðin tengist náið ýmsum öðrum greinum líffræðinnar, ekki síst frumulíffræði, þroskunarfræði og þróunarfræði. Aðferðir sameindaerfafræðinnar koma líka að góðu gagni í flestum öðrum líffræðigreinum, til dæmis í flokkunarfræði dýra, plantna og örvera. Að auki eru aðferðir erfðafræðinnar hagnýttar á ýmsan hátt, til dæmis við kynbætur dýra og plantna og við framleiðslu á ýmsum lífrænum afurðum í örverum. Þeim er beitt við greiningu á sjúkdómum og þess er vænst að þær eigi fyrr eða síðar eftir að gagnast við lækningar á erfðasjúkdómum mannsins.



Nettímarit

Troðningur

Menning & List



Baksíða;
"Guð blessi Ísland" eftir Guðmund R Lúðvíksson

ICELANDIC
ART MAGAZINE